

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

147. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 5. júní kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:
3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ljósvefningabúð:
4. Samstarfssamningur:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 4. lið; Endurnýjun og breyting á rekstrarleyfi – Sveitarsetrið Draflastaðir ehf., undir 5. lið; Breyting á rekstrarleyfi – Einishús ehf. og aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:

Lagt fram aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður 10. júní n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Pingeyjarsveitar á fundinum.

3. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Ljósvefningabúð:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 28. maí s.l. þar sem Dagbjört Jónsdóttir sækir um sem forsvarsmáður fyrir Þingeyjarsveit um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu veitingu veitinga í félagsheimilinu Ljósvefningabúð í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

4. Endurnýjun og breyting á rekstrarleyfi – Sveitarsetrið Draflastaðir ehf.:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 3. júní s.l. þar sem Sigurður Arnar Jónsson sækir um sem forsvarsmáður fyrir Sveitarsetrið Draflastaðir ehf. um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga á Sveitarsetrinu Draflastöðum í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Sigurður sækir einnig um rekstrarleyfi á heimagistingu sem hann hefur ekki verið með.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun og breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.

5. Breyting á rekstrarleyfi – Einishús ehf.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík, dags. 5. júní s.l. þar sem Einir Viðar Björnsson sækir um sem forsvarsmáður fyrir Einishús ehf. um breytingu á rekstrarleyfi til sölu gistinga í Einishúsum, Einir er með rekstrarleyfi fyrir fjórum sumarhúsum og sækir hér um fyrir fimmta sumarhúsinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á rekstrarleyfinu fyrir sitt leyti.

6. Samstarfssamningur:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Reinhard Reynissyni f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga þar sem leitað er eftir aðild sveitarfélagsins um aukna samvinnu og þróunarverkefni á skilgreindum sviðum nýsköpunar, tækni- og atvinnuþróunar. Sérstaklega er horft til verkefna sem nýtt geta orkuauðlindir svæðisins til hvers konar framleiðslu, ræktunar og eldis. Leitað er eftir aðild þriggja sveitarfélaga, auk Þingeyjarsveitar eru það Norðurþing og Skútustaðahreppur.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og tilnefnir sveitarstjóra sem tengilið.

Í lok fundar þakkaði oddviti, Ólína Arnkelsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúum og sveitarstjóra fyrir gott samstarf á liðnu kjörtímabili og óskaði nýkjörinni sveitarstjórn velfarnaðar í störfum á komandi kjörtímabili.

Ólína hefur starfað sem oddviti í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samfelld frá árinu 2008.

Varaoddviti, Arnór Benónýsson þakkaði einnig sveitarstjórnarfulltrúum samstarfið. Þá þakkaði Arnór, fyrir hönd sveitarstjórnar og sveitarstjóra, Ólínu störfin í gegnum tíðina og óskaði henni alls hins besta.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 816. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásta Svavarsdóttir